

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

25. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2016, fimmtudaginn 3. mars. kl.13:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Valgeir Scott, Halldóra Pétursdóttir, Guðbjörg Bergmundsdóttir og Pétur G. Markan, sveitarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. 10. fundargerð og skipulags og byggingarnefndar Súðavíkurhrepps lögð fram til staðfestingar.
2. 3. fundargerð menningar og kynningarnefndar Súðavíkurhrepps lögð fram til staðfestingar.
3. 10. fundargerð fræðslunefndar Súðavíkurhrepps lögð fram til staðfestingar.
4. Umsögn til Orkustofnunar vegna umsóknar Vesturverk Verks ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Hvanneyrardalsár í Ísafirði.
5. Umsögn til Orkustofnunar vegna umsóknar Vesturverk Verks ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun í Skötufirði, Hundsa og Hestfirði, Hestá
6. Umsögn til Orkustofnunar vegna umsóknar OV ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 6,8 mw, virkjun Mjólka VI, virkjun vatna á aðrennslisvæði Skötufjarðar til Mjólka á Arnarfirði
7. Framleiðsla á 6.800 tonnum af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf. – beiðni um umsögn.
8. Skýrsla R3 um rekstur og mögulegar umbótaáðgerðir Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.
9. Samningur um svæðisbundna upplýsingamiðstöð fyrir innlenda og erlenda ferðamenn í Súðavíkurhreppi.
10. Fundargerð FV frá 15. Feb. lögð fram.
11. 99. fundargerð stjórnar NAVE frá 12. jan.
12. Fundargerð nr. 381 Hafnarsamband Íslands lögð fram.
13. Fundargerð nr. 26 SFF lögð fram.
14. Fundaáætlun sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps fyrir árið 2016.

1.

1. Staðfest.
2. Staðfest.
3. Staðfest.
4. Staðfest.
5. Staðfest.
6. Staðfest.
7. Staðfest.

2.

1. Staðfest. Sveitarstjóra falið að klára samning við Matvöruverslun Súðavíkurhrepps með vísan í bókun nefndarinnar.

2. Staðfest.
3. Staðfest.
4. Staðfest.
5. Staðfest.
6. Staðfest.
7. Staðfest.
8. Staðfest.
9. Staðfest.

3.

1. Staðfest.
2. Staðfest.
3. Staðfest.
4. Staðfest.
5. Staðfest.
6. Staðfest.
7. Staðfest.

4.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Vísað er til bréfs Orkustofnunar, dags. 8. febrúar 2016, þar sem óskað var umsagnar um ofangreint.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps brýnir fyrir umsóknaraðila að fara um landið með gát og varúð, í góðri samvinnu við landeigendur og af virðingu í öllum samskiptum. Brýnt er að sátt sé um slíkt verkefni og umsóknin kveður á um, þar leikur rannsóknaraðili lykilhlutverk.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur einnig óskað eftir að umsóknaraðili komi á fund sveitarstjórnar og geri þar frekari grein fyrir áætlunum sínum.

Framundan eru afar spennandi tímar í raforkumálum Vestfirðinga og bindur sveitarstjórn mikla vonir við að þær niðurstöður sem fást í þessari rannsókn muni nýtast vel í þeirri uppbyggingu.

5.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Vísað er til bréfs Orkustofnunar, dags. 22. febrúar 2016, þar sem óskað var umsagnar um ofangreint.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps brýnir fyrir umsóknaraðila að fara um landið með gát og varúð, í góðri samvinnu við landeigendur og af virðingu í öllum samskiptum. Brýnt er að sátt sé um slíkt verkefni og umsóknin kveður á um, þar leikur rannsóknaraðili lykilhlutverk.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur einnig óskað eftir að umsóknaraðili komi á fund sveitarstjórnar og geri þar frekari grein fyrir áætlunum sínum.

Framundan eru afar spennandi tímar í raforkumálum Vestfirðinga og bindur sveitarstjórn mikla vonir við að niðurstöður sem fást í þessari rannsókn muni nýtast vel í þeirri uppbyggingu.

6.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Vísað er til bréfs Orkustofnunar, dags. 23. febrúar 2016, þar sem óskað var umsagnar um ofangreint.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps brýnir fyrir umsóknaraðila að fara um landið með gát og varúð, í góðri samvinnu við landeigendur og af virðingu í öllum samskiptum. Brýnt er að sátt sé um slíkt verkefni og umsóknin kveður á um, þar leikur rannsóknaraðili lykilhlutverk.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur einnig óskað eftir að umsóknaraðili komi á fund sveitarstjórnar og geri þar frekari grein fyrir áætlunum sínum.

Framundan eru afar spennandi tímar í raforkumálum Vestfirðinga og bindur sveitarstjórn mikla vonir við að niðurstöður sem fást í þessari rannsókn muni nýtast vel í þeirri uppbyggingu.

7.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 10. febrúar 2016, þar sem óskað var umsagnar um ofangreinda framkvæmd.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fagnar vinnu við matsáætlun fyrir 6800 tonna framleiðslu á laxi í sjóeldi í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells og bindur mikla vonir við að efni skýrsluna verði gagnlegt við næstu skref framkvæmdarinnar.

Frá árinu 2002 hefur HG stundað þorskeldi, aðallega í Álftafirði og í Seyðisfirði. Þessi starfsemi HG hefur verið gríðarlega mikilvæg fyrir atvinnulíf Súðavíkurhrepps, sem því miður hefur verið einsleitt undanfarin ár og átt undir högg að sækja. Með aukningu á umsvifum, með því að hefja framkvæmd á 6.800 tonna framleiðslu má segja að samfélagið fái kröftuga vítamínsprautu, sem það hyggst vinna vel úr.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur mikla áherslu á að framkvæmdin hafi sem minnst neikvæð áhrif umhverfi Súðavíkurhrepps og að einstakir umhverfisþættir, sem geta verið viðkvæmir, verði kannaðir sérstaklega með það fyrir augum að vernda þá fyrir óafturkræfum spjöllum. Sérstaklega er mikilvægt að framkvæmdaraðilinn, vandi vel til verka og geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir svokallaðar slysasleppingar, þ.e. að eldiasfiskur sleppi út úr eldiskvíunum og sæki upp í nærliggjandi ár. Miklir hagsmunir eru þar í húfi og leggur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps mikla áherslu að framkvæmdaðili spari hvernig til að verjast slíkum slysasleppingum.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps minnir á mikilvægi þess að skipulagsvald sveitarfélaga nái yfir aðliggjandi strandsvæði, firði og flóa og æskilegt er að skipulag standsjávar nái út að 1 sjómílu frá grunnlínu.

Í skýrslu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða þar sem greind voru möguleg hagræn áhrif slíkrar eldisupbyggingar á svæðið kemur meða annars eftirfarandi fram:

Þegar 10 þúsund tonna laxeldi byggist upp í Ísafjarðardjúpi má gera ráð fyrir því að störfum muni fjölga um 130 á atvinnusvæðinu. Meðallaun í greininni eru hærri en lágsmarkslaun og gera má ráð fyrir því útsvarstekjur mun aukast um tæplega 100 milljónir króna á svæðinu. Starfsemin sem slík mun því hafa veruleg áhrif á atvinnulíf svæðisins og stækkar tekjustofna sveitarfélagna á svæðinu. (Hagræn áhrif laxeldis á Vestfjörðum, ATVest 2014)

Af því gefnu að niðurstaða umhverfismats verði jákvæð leggur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps mikla á áherslu hversu samfélagslega mikilvægt það er fyrir svæðið að framleiðsla á laxi í sjó verði að veruleika, meðal annars með vísan í skýrslu AtVest.

8.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps óskar eftir skýringum á þeim kostnaðarauka sem orðið hefur á rekstri BsVest á tímabilinu 2011 til 2015 með vísan í niðurstöðu skýrslu R3.

Samþykkt samhljóða.

9.

Sveitarstjóra falið að ljúka samning við Matvöruverslun Súðavíkurhrepps um rekstur þjónusmiðstöðvar ferðamanna fyrir árið 2016.

Samþykkt samhljóða.

10.

Lagt fram.

11.
Lagt fram.

12.
Lagt fram.

13.
Lagt fram.

14.
Fundaáætlun sveitarstjórnar til umræðu.
Ákveðið að fastur fundatími sveitarstjórnar verði fyrir árið 2016 fyrsti fimmtudagur í hverjum mánuði kl. 13:00

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:30

**Anna Lind Ragnarsdóttir
oddviti**

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

